

Aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands 6. maí 2010

Borgartúni 6, kl. 17:00

Dagskrá fundarins

- a) Kosnir starfsmenn fundarins.
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar.
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess.
- d) Lagabreytingar.
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð.
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara.
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin.
- h) Önnur mál.

Kosnir starfsmenn fundarins

Salóme Þórisdóttir lagði til að fundarstjóri yrði Signý Þórðardóttir og ritarar Bryndís Guðmundsdóttir og Guðlaug Valgeirsdóttir, var það samþykkt með lófaklappi.

Skýrsla stjórnar starfsárið 2009-2010

Salóme Þórisdóttir formaður ÞÍ las upp skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2009-2010.

Formaður tilgreindi sérstaklega þær breytingar sem voru gerðar á lögum um skyldustörf aðalfundar og voru samþykktar á aðalfundi 2009. Formenn ráða og nefnda gera ekki lengur grein fyrir skýrslum á aðalfundi heldur geta félagsmenn lesið þær í aðalfundargögnum. Formaður nefndi m.a. að félagsmenn eru um 550 talsins. Auk þess hafa kjaramálin verið óvenjuleg á árinu, lítið hefur farið fyrir kjarasamningum þó að starfsárið hafi einkennst af mikilli kjara- og réttindaumræðu. Samkvæmt stöðugleikasáttmála eru samningar lausir í lok nóvember á árinu.

Formaður kom inn á verkfallsrétt þroskaþjálfra og hvatti félagsmenn til að vera vakandi fyrir honum. Einnig hefur formaður setið í samráðshóp sem fjallar um starfsmannahluta á flutningi á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Stefnt er að tilfærslunni um áramótin og mikilvægt að félagið verði vakandi um störf þroskaþjálfra næstu áramót. Formaður hafði áhyggjur hvað yrði um störf sérfræðinga sem starfa á svæðisskrifstofum en lítið hefur þokast í þeim málum.

Breytt var útfrá hefðinni og ákvað stjórn að gefa félagsmönnum tölvuminnislykla í stað dagbóka. Þeir eru merktir félaginu og liður í því að gera félagið sýnilegra.

Formaður vildi ítreka að vísindasjóður ÞÍ er nú eingöngu ætlaður þroskaþjálfum er starfa hjá sveitarfélögum og Reykjavík, úr A-sjóði hlutu 299 styrk og úr B-sjóði þrír. Á aðalfundi 2009 var samþykkt að setja á laggirnar Fag-og fræðslusjóð og eru reglur sjóðsins í lokavinnslu.

Forstöðumaður Menntavísindasviðs óskaði eftir formlegu samstarfi milli þroskaþjálfabrautar og ÞÍ. Brýnasta verkefnið er að ná fram lengingu námsins í 5 ár.

Formaður hvatti félagsmenn til að lesa í aðalfundargögnum hluta af fundagerðum BHM, en ÞÍ er orðið fimmta stærsta félag innan bandalagsins.

Varðandi starfið framundan þá kom formaður inn á að stéttin sé að mótast og breytast. Það gleður hann að sjá fjölgun nýrra félagsmanna og hefur það áhrif á baklandið. Það hefur verið stór hluti af verkefnum formanns að styðja við félagsmenn og taka á þeim fjölmörgu málum sem koma upp hjá stéttinni.

Salóme Þórisdóttir er að ljúka átta viðburðaríkum árum sem formaður félagsins og vildi þakka félagsmönnum fyrir gott samstarf. Hún nefndi sérstaklega Þórodd Þórarinsson sem starfaði í fimm ár sem varaformaður með fráfarandi formanni. Kann Salóme honum bestur þakkir fyrir (sjá nánar í aðalfundargögnum bls. 4-15).

Fundarstjóri gaf félagsmönnum færi á fyrirspurnum og athugasemdir og spurningar voru eftirfarandi.

Formaður vísindasjóðs Guðbjörg Björnsdóttir kom með ábendingu um að formaður las upp rangar tölur er varðar Vísindasjóðinn, en réttar tölur koma fram í skýrslu aðalfundar á bls. 25.

Fyrirspurn barst úr sal varðandi fyrirhugaðar breytingar á rekstri skrifstofunnar sem fram kemur á bls. 14 í aðalfundargögnum. Formaður baðst velvirðingar á að hafa skautað óvart yfir þennan lið og úskýrði í stuttu máli hugmyndir stjórnar að fyrirhuguðum breytingum á rekstri skrifstofunnar á næsta ári. Þessar breytingar miða að því að með formanni verði starfandi framkvæmdastjóri sem einnig er þroskaþjálfari. Telur stjórn það mikinn ávinningur fyrir félagsmenn að hafa tvo starfandi þroskaþjálfara til að sinna þeim mörgu verkefnum sem koma inn á borð skrifstofu. Núverandi staða starfsmanns á skrifstofu leggst niður, auk þess mun launað starf gjaldkera, varaformanns og umsjónarmanns tölvumála leggjast niður. Ekki er komin endanleg mynd á skiptingu starfshlutfalla milli formanns og framkvæmdastjóra en áætlað er að heildarstarfshlutfall haldist í svipuðu hlutfalli, hækki í mesta lagi um 15%. Umræður urðu miklar um þessar breytingar. Höfðu margir félagsmenn áhyggjur af aukinni yfirbyggingu félagsins, auk þess voru vangaveltur um hvort ekki hefði verið eðlilegra að bera svona breytingu undir félagsmenn á aðalfundi. Einnig voru vangaveltur um hlutverk varaformanns við þessar breytingar og skiptar skoðanir voru á titli nýrrar stöðu framkvæmdastjóra. Öðrum fannst breytingin eðlileg þar sem umfang skrifstofunnar hefur aukist jafnhliða fjölgun félagsmanna. Formaður lagði áherslu á að hlutverk stjórnar haldist óbreytt og varaformaður haldi áfram að sinna sínum störfum í kjaraviðræðum og fær greitt fyrir þá vinnu eins og verið hefur. Einnig vildi formaður benda á að BHM gerir auknar kröfur um vinnuframlag formanns og hefur drjúgur tími farið í að sinna því.

Fundarstjóri lauk umræðum og kynnti næsta mál á dagskrá.

Skýrsla gjaldkera starfsárið 2009

Valborg Helgadóttir gjaldkeri fór yfir rekstrarreikninga félagsins starfsárið 2009 (bls. 16-20 í aðalfundargögnum). Tvær fyrirspurnir bárust úr sal. Hins vegar hvað fælist í kostnaði ráða og nefnda og annars vegar hvort félagsmenn væru hættir að greiða í Minningarsjóð Guðnýjar Ellu?

Gjaldkeri gerði grein fyrir að stærsti kostnaðarliðurinn væri bakvið trúnaðarmannaráð, þar sem flugkostnaður er hæsti liðurinn. Annar kostnaður eins og kaup á hangikjöti og minnislyklum er inni í þessum kostnaðarlið. Svar við síðari spurningunni var svarað játandi. Endurskoðendur hafa farið yfir reikninga og undirritað. Engar athugasemdir komu fram á reikningum félagsins og voru þeir samþykktir.

Tillögur laganefndar um breytingar á lögum ÞÍ 2010

Eyrún Magnúsdóttir lagði fram tvær tillögur stjórnar um breytingu á 7. og 11. grein í lögum félagsins. Var kosið um hvora grein fyrir sig.

7. gr. hljóðar svo:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda á tímabilinu 1.apríl til maíloka ár hvert. Stjórn skal boða aðalfund bréflaga með dagskrá með minnst þriggja vikna fyrirvara miðað við póstlagningu fundarboða. Auk þess skal aðalfundur auglýstur á heimasíðu félagsins og minnst einum öðrum fjölmiðli. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Afl atkvæða ræður á aðalfundi, sbr. VIII. (áttunda) kafla félagslaganna. Aðalfundi er heimilt að vísa málum til allsherjar atkvæðagreiðslu.

Lagt er til að greinin verði svo hljóðandi:

7. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda á tímabilinu 1.apríl til maíloka ár hvert. Stjórn skal boða aðalfund skriflega með dagskrá með minnst þriggja vikna fyrirvara. Auk þess skal aðalfundur auglýstur á heimasíðu félagsins og minnst einum öðrum fjölmiðli. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Afl atkvæða ræður á aðalfundi, sbr. VIII (áttunda) kafla félagslaganna. Aðalfundi er heimilt að vísa málum til allsherjar atkvæðagreiðslu.

Tillaga að lagabreytingu 7. greinar borin upp, einn á móti og tillaga samþykkt.

11. gr. hljóðar svo:

Ráð á vegum félagsins eru: fagråd, útgáfuråd og trúnaðarmannaráð sbr.15gr. Hlutverk fagráðs er að vinna að menntamálum þroskajálfa, sjá um fræðslufundi og fylgjast með þróun og nýjungum í starfinu og kynna þær félagsmönnum. Hlutverk útgáfuráðs er að sjá um útgáfustarfsemi á vegum félagsins. Nefndir á vegum félagsins eru laganefnd og siðanefnd. Laganefnd vinni að og geri tillögur að lagabreytingum. Í siðanefnd eiga sæti 3 félagsmenn og jafnmargir til vara. Stjórn félagsins tilnefnir í nefndina en leitar samþykkis aðalfundar. Aðalfundur kys í fagråd, útgáfuråd, laganefnd og kjörnefnd sbr. 9.gr., 5 félagsmenn til 2ja ára í senn, 2 annað árið (jöfn tala) og 3 hitt árið (oddatala). 6 félagsmenn sitja í fagráði og tilnefnir trúnaðarmannaráð einn þeirra.

Kosið skal í nefndir og ráð á aðalfundi nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Stjórn félagsins tilnefnir fulltrúa hjá Landssamtökunum Þroskahjálp.

Lagt er til að greinin verði svo hljóðandi:

11. gr.

Ráð á vegum félagsins eru: fagråd, útgáfuråd og trúnaðarmannaráð sbr. 15gr. Hlutverk fagráðs er að vinna að menntamálum þroskajálfa, sjá um fræðslufundi, fylgjast með þróun og nýjungum í starfinu og kynna þær félagsmönnum. Hlutverk útgáfuráðs er að sjá um útgáfustarfsemi á vegum félagsins.

Nefndir á vegum félagsins eru laganefnd, siðanefnd og kjörnefnd sbr. 9 gr. Laganefnd vinnur að og geri tillögur að lagabreytingum. Í siðanefnd eiga sæti 3 félagsmenn og jafnmargir til vara. Stjórn félagsins tilnefnir í nefndina en leitar samþykkis aðalfundar. Aðalfundur kys í fagråd og útgáfuråd 7 félagsmenn í hvort ráð til tveggja ára í senn. 4 annað árið (jöfn tala) og 3 hitt árið (oddatala). Í laganefnd og kjörnefnd sbr. 9. gr. eru kosnir 5 félagsmenn til 2ja ára í senn, 2 annað árið (jöfn tala) og 3 hitt árið (oddatala). Kosið skal í nefndir og ráð á aðalfundi nema

annað sé tekið fram í lögum þessum. Stjórn félagsins tilnefnir fulltrúa hjá Landssamtökunum Þroskahjálp.

Athugasemd barst um að það vanti eftirfarandi setningu í aðalfundargögn í tillögu að breytingu 11. greinar.: *Kosið skal í nefndir og ráð á aðalfundi nema annað sé tekið fram í lögum þessum.*

Athugasemd barst úr sal varðandi vinnufyrirkomulagið á lagabreytingum. Félagismaður leggur til að samráð sé haft við nefndir og ráð áður en tillögur að lagabreytingum eru bornar fram á aðalfundi.

Tillaga að lagabreytingu 11. greinar borin upp, 4 á móti og tillaga samþykkt.

Kosning í stjórn, nefndir og ráð

Herdís Hersteinsdóttir las upp tillögur kjörnefndar (bls. 29-30 í aðalfundargögnum). Sérstaklega var kosið um nýjan formann. Laufey Gissurardóttir gaf kost á sér.

Tillaga úr sal um að tilvonandi formaður kynni sig. Laufey fór upp í ræðustól og kynnti sig. Aðrir félagsmenn sem gáfu kost á sér í ráð og nefndir og voru á staðnum kynntu sig lítilega. Guðný Stefánsdóttir dró tillögu sína til baka í fagráði. Engin mótframboð bárust og allar tillögur samþykktar með lófaklappi.

Kosning skoðunarmanna reikninga

Sjá bls. 30 í aðalfundargögnum. Engar athugasemdir og fulltrúar samþykktir með lófaklappi.

Siðanefnd

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir í siðanefnd kynntir og samþykktir með lófaklappi.

Fulltrúi í Þroskahjálp verður valinn á fyrsta stjórnarfundum.

Fjárhagsáætlun ÞÍ 2010

Valborg Helgadóttir lagði fram fjárhagsáætlun næsta árs (sjá bls. 32 í aðalfundargögnum). Félagsgjöld óbreytt, 1,5% af dagvinnulaunum og reiknað er með að hækkun þeirra verði með svipuðum hætti og í fyrra, eða um 4%. Gjaldkeri benti á hækkun á launalið sem skýrist af skörun á formannsskiptum og námsleyfi fráfarandi formanns.

Fyrirspurn barst úr sal hvað falli undir kostnaðarliðinn annar kostnaður? Gjaldkeri úskýrði að bókarí færði þangað inn ýmsa minni reikninga.

Miklar umræður urðu vegna ákvörðunar stjórnar um námsleyfi fráfarandi formanns. Það sem félagsmenn höfðu m.a. áhyggjur af var aukinn kostnaður á rekstri félagsins. Sumir lýstu yfir óánægju sinni með þessa ákvörðun stjórnar og töldu sig ekki geta samþykkt fjárhagsáætlun. Töldu sumir að þetta væri ekki heimilt samkvæmt kjarasamningi þar sem formaður sinnir tímabundnu starfi, tvö ár í senn. Auk þess kom gagnrýni á launakjör formanns sem talin eru vera langt frá launakjörum flestra annarra félagsmanna.

Gjaldkeri og varaformaður, Sigríður Rut Hilmarsdóttir, tóku það fram í byrjun að eingöngu er kosið um félagsgjöld á aðalfundi og er það hlutverk stjórnar að taka ákvarðanir fyrir hönd félagsins á milli aðalfunda. Stjórn barst erindi frá Salóme Þórisdóttur þar sem hún lagði fram ósk um sex mánaða námsleyfi, auk þess að bjóða á móti vinnuframlag í komandi kjaraviðræðum. Eftir vel ígrundaða ákvörðun stjórnar var þessi beiðni samþykkt. Stjórn kynnti sér hvernig önnur stéttarfélög, bæði hérlendis og erlendis semja við sína formenn. Langur tími fyrir utan faglegt starf skapar sterka þörf fyrir sí- og endurmenntun. Formaður hafði ekki tók á að komast í námsleyfi

vegna anna, þess vegna er farin sú leið að hann taki námsleyfi í kjölfar sumarleyfis. Námsleyfi mun hefjast 1. ágúst og ljúka 1. febrúar 2011.

Varaformaður nefndi jafnframt að það hefði verið rætt innan stjórnar að setja niður starfsreglur um það sem felst í ráðningarkjörum formanns.

Salóme Þórisdóttir steig í ræðustól og gerði grein fyrir beiðni sinni um námsleyfi. Laun formanns hafa verið miðuð útfrá hæstu heildarlaunum sviðsstjóra á svæðisskrifstofum. Tímabundið ráðnir starfsmenn hafa sömu réttindi og fastráðnir starfsmenn samkvæmt síðustu kjarasamningum. Hún byggði sína umsókn um námsleyfi útfrá kjarasamningum.

Fundarstjóri sleit umræðum og voru félagsgjöld borin til atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Önnur mál

Ágústa Bragadóttir kom í ræðustól og lagði fram tillögu fyrir hönd fjögurra þroskaþjálfara sem auk hennar sátu í, Sólveig Steinsson, Þóroddur Þórarinsson og Krístrún Sigurjónsdóttir.

Tillagan hljóðaði svo:

Starfskjaranefnd skal kosin, 3ja manna til tveggja ára í senn sem ákvarðar laun og starfskjör formanns og annarra stjórnarmanna. Nefnd þessi skal einnig taka ákvarðanir um starfskjör annarra sem starfa fyrir félagið.

Aðalfundur þí samþykkir einnig að fela nefndinni að undirbúa starfs- og viðmiðunarreglur fyrir félagið, stjórn og starfsmenn, þar sem m.a. verði kveðið á um hagsmunaárekstra, hæfi, gjafir, fríðindi og annað því tengt.

Rökstuðningur fyrir því að skipa í starfskjaranefnd er aukið gagnsæi og opin stjórnsýsla. Öll fjárútlát séu vel ígrunduð og sanngjörn. Tillagan er samin uppúr ASÍ reglum sem hefur sett fram ákveðnar viðmiðunarreglur sem þeir bera undir sín aðildarfélög.

Þóroddur Þórarinsson steig í ræðustól og gerði athugasemdir um að stjórn sem starfar á launum fyrir félagið taki slíkar ákvarðanir. Hann lagði til að kosið yrði í nefndina og bauð sig fram.

Krístrún Sigurjónsdóttir steig í ræðustól og tók undir með Þóroddi að ekki væri eðlilegt að stjórn taki slíka ákvörðun og lagði áherslu á að starfskjaranefndin setti sér viðmið.

Umræður sköpuðust um innihald og orðalag tillögunnar. Helga Birna Gunnarsdóttir lagði fram þá tillögu að breyta orðalagi í tillögunni og setja þyrfti fram viðmiðunarreglur ásamt starfsreglum. Nefndin breytti tillögunni á þá vegu. Miklar umræður urðu um hvers konar viðmiðunarreglur þurfa að vera þegar mikilvægar ákvarðanir hjá félaginu eru teknar. Einnig var óskað eftir því að kosið yrði í nefndina á aðalfundi. Félagsmenn spurðu nánar út í útfærslu og fyrirkomulag nefndarinnar.

Salóme Þórisdóttir taldi jákvætt að nefnd innan félagsins móti viðmiðunarreglur og ferla, en gagnrýndi það sem fram kom í tillögunni um að þessi nefnd hafi það vald framyfir stjórn að taka m.a. ákvarðanir sem snúa að kostnaðarliðum innan fjárhagsáætlunar félagsins. Stjórnin verður að geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir án þess að leita þurfi samþykki slíkrar nefndar.

Helga Birna Gunnarsdóttir taldi mjög mikilvægt að það liggi fyrir ákveðnar viðmiðunarreglur um það hvernig eigi að standa að kjörum þeirra sem starfa fyrir félagið. Hún lagði til að aðalfundur skipaði nefnd sem legði drög að

viðmiðunarreglum fyrir næsta aðalfund. Skiptar skoðanir komu fram og var það almenn skoðun að vinna þyfti þessa tillögu betur áður en hægt væri að kjósa um hana. Huldís Franksdóttir Daly stjórnarmeðlimur steig í ræðustól og lýsti því yfir að það hafi verið erfið ákvörðun stjórnar að veita fráfarandi formanni námsleyfi. Hún lítur á þessar tillögu og umræður sem vantraust á sín störf í stjórn og sagði sig úr stjórn og gekk af fundi.

Fundarstjóri bar tillöguna til atkvæðagreiðslu, 8 voru með, 18 á móti og hún skoðast felld.

Þóroddur Þórarinsson steig í ræðustól og harmaði afsögn Huldísar. Jafnframt þakkaði hann Salóme fyrir gott samstarf og gott starf í þágu félagsins.

Helga Birna Gunnarsdóttir steig í ræðustól og óskaði nýkjörnum formanni til hamingju með formannskjörið og þakkaði fráfarandi formanni fyrir góð störf.

Stjórn kom í ræðustól og færði fráfarandi formanni þakklætisvott fyrir vel unnin störf síðustu átta ár fyrir félagið.

Salóme Þórisdóttir steig í ræðustól og lýsti skoðun sinni á því að ánægjulegra hefði verið að hætta með fullskipaða stjórn. Betur hefði farið á því að tillagan hefði verið unnin með stjórn en ekki utan hennar. Hún taldi að hún geti gengið sátt frá borði eftir sitt starf og skili félaginu vel af sér eins og hún tók við því fyrir átta árum. Salóme óskaði nýjum formanni góðs gengis og þakkaði starfsmönnum fundarins fyrir vel unnin störf.

Signý Þórðardóttir fundarstjóri þakkaði fyrir sig.

Fundi slitið: 21:00

Ritarar: Bryndís Guðmundsdóttir og Guðlaug Valgeirsdóttir